

Tálknafjarðarhreppur  
Skipulagsfulltrúi  
Miðtúni 1  
460 Tálknafirði

Reykjavík 4. júlí 2018  
UST201805-309/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Innsta Tunga – fisk- og seiðaeldi - Tálknafjarðahreppi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps er barst 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á svæði 11, á Breiðaparti í landi Innstu Tungu. Fram kemur í upphafi greinargerðar að landeldi hefur verið á svæðinu frá 1985 og að ekki er til deiliskipulag af svæðinu. Á svæðinu er gert ráð fyrir iðnaðarlóð af stærðinni 39.611.5 m<sup>2</sup> eða tæpir fjórir ha.

Fram kemur í greinargerð að fiskeldi er þegar starfrækt í 5 steinsteyptum eldiskerjum á landfyllingu, þremur á norðurhluta svæðisins og tveimur á suðurhluta samtals 2.576 m<sup>2</sup> að stærð. Auk þess eru á svæðinu átta minni færanleg ker fyrir seiði og þrjú fóðursíló ásamt tilheyrandi gámi fyrir vélbúnað sem staðsettur er ofan við kerin. Að mati stofnunarinnar er jákvætt að nýta og bæta aðstöðu sem fyrir er í stað þess að raska óhreyfðu svæði.

Í greinargerð kemur fram að núverandi framleiðsla er 130 tonn af bleikjuflökum og að leyfi er fyrir 200 tonnum og er áætlað að ná fram því marki að framkvæmdum loknum. Umhverfisstofnun bendir á að nógildandi starfsleyfi gildir til 2021. Einnig minnir stofnunin á að starfsemi Tungusilungs er starfsleyfisskyld frá Umhverfisstofnun og rekstrarleyfisskyld frá Matvælastofnun. Umhverfisstofnun bendir á að lög um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 117/2015 gilda um starfsemina.

### **Deiliskipulag**

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að fjölga eldiskerjum um eitt. Einnig kemur fram að áætlað er að byggja tvær settjarnir sem frárennsli frá eldi fer um, sem er jákvætt að mati stofnunarinnar. Enn fremur er áætlað að byggja hús fyrir seiðaeldi sem verður allt að 360 m<sup>2</sup> að stærð.

### Uppfyllingar

Í greinargerð kemur fram að nýtt seiðaeldishús verður byggt að hluta til á fyllingu og að efni í fyllingu verði sótt í sjávarbakkann. Umhverfisstofnun bendir á að efni þarf að sækja í efnistökusvæði með starfsleyfi. Einnig bendir stofnunin á að það þarf að koma fram í tillögnum ef um efnistökusvæði er að ræða á sjávarbakkanum.

### Frárennsli

Umhverfisstofnun tekur undir það að allt afrennsli úr eldiskerjum og seiðaeldi verður leitt í settjarnir. Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita frá starfsmannaáðstöðu skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

### Nýting á affallsvatni

Í umfjöllun um framkvæmdir kemur fram að seiðaeldisstöðin muni fá affallsvatn frá Tunguvirkjun. Að mati Umhverfisstofnunar er það til fyrirmyndar að nýta þannig affallsvatn.


### Náttúruvernd


Umhverfisstofnun bendir á að ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 hafa tekið gildi.

### Skipulagsreglugerð

Umhverfisstofnun tekur undir það að för almennings verður ekki hindruð meðfram sjávarbakkanum nema við sérstakar aðstæður sem er skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 en þar kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur